

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

---

Ársreikningur

---

**2009**

Íslenski lífeyrissjóðurinn  
Austurstræti 11  
155 Reykjavík  
Kt. 430990-2179

---

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

---

Ársreikningur

---

2009

Þannig samþykkt á fundi, 20. apríl 2010

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun stjórnar	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-19
Sérgreind yfirlit deilda	20-22
Fjárfestingarstefna 2010	23-26

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 20. apríl 2010.

**Deloitte hf.**



Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

## Um Íslenska lífeyrissjóðinn

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti Fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann tuttugasta þess mánaðar. Tilgangur sjóðsins, samkvæmt 2. gr. samþykktu, er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í allhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á nýliðnu ári fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins.

### Hér fer á eftir nafnávöxtun sjóðsins.

	2009	2008	2007	2006	2005	2004
Líf I	16,2%	-22,5%	8,1%	20,4%	14,7%	12,2%
Líf II	15,1%	-20,7%	8,0%	19,4%	12,8%	11,4%
Líf III	13,7%	-19,7%	9,4%	14,5%	9,4%	12,0%
Líf IV	12,1%	-19,2%	14,2%	11,8%		
Samtrygging	11,7%	-18,4%	7,7%	19,6%	14,2%	10,1%

## Yfirlit yfir árið 2009

Í lok árs 2009 voru sjóðfélagar 23.515 talsins, samanborið við 26.277 í ársbyrjun. Virkir sjóðfélagar í árslok 2009, þ.e. einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu, voru 12.491 og lífeyrisþegar voru 990 talsins. Til samanburðar voru virkir sjóðfélagar 13.951 árið 2008 og lífeyrisþegar 793. Að auki voru 6.815 sjóðfélagar með sérstaka útgreiðslu á séreignarsparnaði. Í árslok var stærð sjóðsins 26.164.961.751 kr., sem er um 2,9% minnkun á árinu.

Á árinu 2009 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og NBI hf. sér bankinn um rekstur sjóðsins. Sjóðurinn greiddi NBI hf. 25,5 mkr. vegna reksturs sjóðsins árið 2009.

Árið 2009 var viðburðaríkt hjá Íslenska lífeyrissjóðnum. Þann 17. mars 2009 var þáverandi stjórn og framkvæmdastjóra vikið fyrirvaralaust frá störfum að kröfu Fjármálaráðuneytisins sem síðan skipaði sjóðnum umsjónaraðila. Þessar aðgerðir áttu sér stað í kjölfar rannsóknar sérstaks saksóknara á sjóðnum vegna gruns um brot á lögum nr. 129/1997 á fyrri hluta árs 2008. Enn hefur engin niðurstaða fengist í því máli.

Þrjú ársfundir voru haldnir á árinu og gerðar voru verulegar breytingar á samþykktum sjóðsins í því skyni að auka sjóðfélagalýðræði. Nú kjósa sjóðfélagar fjóra af fimm stjórnarmönnum sjóðsins í stað tveggja áður og NBI hf. skipar einn stjórnarmann í stað þriggja áður.

Á aukaárfundi sjóðsins 19. október 2009 var kosin ný stjórn á grundvelli nýrra samþykktu og tók hún við rekstri sjóðsins af umsjónaraðila 1. nóvember 2009. Stjórn sjóðsins hefur á starfstímanum skoðað gaumgæfilega framtíð rekstarforms Íslenska lífeyrissjóðsins í ljósi breyttra samþykktu með að það markmiði að tryggja sjálfstæði sjóðsins með hagsmunum sjóðfélaga að leiðarljósi.

Árið 2009 var sjóðnum hagstætt, þrátt fyrir talsverðar umbreytingar. Ávöxtun hans var að mati stjórnar mjög góð. Þær afskriftir á virði eigna sem þáverandi stjórn sjóðsins framkvæmdi í lok árs 2008 hafa reynst réttar í ljósi stöðunnar ári síðar. Þannig hefur ekki þurft að koma til verulegra afskrifta eigna á þessu ári. Stjórn sjóðsins hefur verið samstíga í því að vera varkár í mati sínu á virði eigna sjóðsins og telur það vera sjóðfélögum fyrir bestu til lengri tíma.

# Skýrsla stjórnar

---

Gjaldeyrishöft og lítill innlendir hlutabréfamarkaður setja sjóðnum talsvert þröngar skorður hvað varðar fjárfestingakosti. Meginmarkmið síðasta árs var að hámarka virði þeirra eigna sem sjóðurinn átti og eiga nægt laust fé fyrir mögulegum útgreiðslum vegna breytinga á lögum, en í árslok 2008 var sjóðfélögum gert heimilt að taka inneign sína út við 60 ára aldur. Vegna þessarar lagabreytingar og heimildar til sérstakrar útgreiðslu séreignasparnaðar þarf stærri hluta eigna sjóðsins að vera auðseljanlegur til að standa straum af hugsanlegu útlæði úr sjóðnum. Þó hefur sjóðurinn aukið vægi ríkistryggðra skuldabréfa í eignasafni sjóðsins á þessu ári og vægi innlána hefur minnkað.

Síðasta ár var ágætt fyrir flesta eignaflokka sem sjóðurinn fjárfestir í. Innlendi skuldabréfamarkaðurinn hefur jafnt og þétt verið að ná sér á strik og var ávöxtun ríkisskuldabréfa mjög góð á síðasta ári. Erlendir hlutabréfamarkaðir voru sömuleiðis mjög hagstæðir sem stuðlaði að því að sjóðurinn skilaði góðri afkomu á árinu 2009. Innlánsvextir voru háir lengst af árinu en fóru stíglækkandi samhliða lakkun stýrivaxta. Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa lækkaði að sama skapi. Lægri vextir geta leitt til þess að ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins verði ekki eins há á árinu 2010 og hún var árið 2009.

Að okkar mati er sjóðurinn ágætlega í stakk búinn til þess að standa af sér þá óvissu sem vænta má í efnahagslífinu á árinu 2010. Langstærstum hluta eigna sjóðsins hefur nú verið fjárfest í innlánnum og ríkisskuldabréfum. Tekist hefur að minnka vægi þeirra eigna sem mikil óvissa er um, en að auki er verðmat á þeim eignum varfærið, eins og áður hefur komið fram.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

# Áritun stjórnar

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. apríl 2010

## Stjórn



Brynjar Þ. Guðmundsson



Atli Atlason



Bragi Gunnarsson



Jón Snorri Snorrason



Þórir Óskarsson

## Framkvæmdastjóri



Tryggvi Guðbrandsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		1.751.300.311	2.693.814.518
Iðgjöld launagreiðenda .....		1.969.785.237	2.926.124.036
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(3.985.514.315)	(316.427.643)
		<u>(264.428.767)</u>	<u>5.303.510.911</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	4.027.463.123	503.050.517
Tryggingakostnaður .....		(2.328.117)	2.718.992
		<u>4.025.135.006</u>	<u>505.769.509</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		335.171	2.231.454
Vaxtatekjur og gengismunur .....	4	3.574.303.637	(7.573.832.832)
		<u>3.574.638.808</u>	<u>(7.571.601.378)</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5	8.515.104	8.552.088
Vaxtagjöld .....		7.802.805	4.362.428
		<u>16.317.909</u>	<u>12.914.516</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5	38.352.300	23.808.501
		<u>38.352.300</u>	<u>23.808.501</u>
<b>(Lækkun) hækkun á hreinni eign á árinu .....</b>		<b>(769.595.174)</b>	<b>(2.810.582.993)</b>
<b>Hrein eign frá fyrra ári .....</b>		<b>26.934.556.915</b>	<b>29.745.139.908</b>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....</b>		<b>26.164.961.741</b>	<b>26.934.556.915</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	2,6	7.113.339.402	13.955.286.075
Verðbréf með föstum tekjum .....	2,7	10.233.152.944	669.854.852
Bankainnstæður .....		4.272.584.035	6.983.520.177
		<u>21.619.076.381</u>	<u>21.608.661.104</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	2	106.724.896	69.893.366
Aðrar kröfur .....	13	78.947.409	525.453.567
		<u>185.672.305</u>	<u>595.346.933</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltínnlán .....		4.760.630.058	4.941.202.302
		<u>4.760.630.058</u>	<u>4.941.202.302</u>
<b>Eignir</b>		<u>26.565.378.744</u>	<u>27.145.210.340</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skýr.</b>			
<b>31.12.2009</b>			
<b>31.12.2008</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	14	344.872.405	107.381.465
		<u>344.872.405</u>	<u>107.381.465</u>
<b>Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur</b>			
Framvirkir samningar .....	10	0	0
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		55.544.598	103.271.959
		<u>55.544.598</u>	<u>103.271.959</u>
<b>Skuldir</b>		<u>400.417.003</u>	<u>210.653.424</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>		<u>26.164.961.741</u>	<u>26.934.556.915</u>
<b>Greining á hreinni eign á deildir</b>			
Líf I .....		10.081.266.089	10.877.815.901
Líf II .....		6.461.288.908	6.612.146.290
Líf III .....		4.105.726.788	4.353.267.055
Líf IV .....		2.072.427.932	2.603.800.425
Sameign .....		3.444.252.024	2.487.527.244
		<u>26.164.961.741</u>	<u>26.934.556.915</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009

	2009	2008
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	(232.927.639)	5.353.129.698
Fjárfestingartekjur .....	1.804.233.561	1.149.031.295
Afborganir verðbréfa .....	1.248.279.213	52.902.189
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	11.605.846.470	35.831.878.768
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	4.330.061.030	6.497.809.902
Aðrar inngreiðslur .....	300.355.907	(512.559.130)
	<u>19.055.848.542</u>	<u>48.372.192.722</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	3.774.223.367	505.365.850
Fjárfestingargjöld .....	7.785.653	1.663.988.087
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....	47.212.234	102.088.377
Aðrar útgreiðslur .....	(11.368.303)	(28.244.868)
	<u>3.842.419.343</u>	<u>2.243.197.446</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....</b>	<u>15.213.429.199</u>	<u>46.128.995.277</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	3.766.124.227	28.384.328.274
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	14.338.813.358	5.991.295.754
Hækkun á bankainnstæðum .....	(2.710.936.142)	6.888.121.021
	<u>15.394.001.443</u>	<u>41.263.745.050</u>
<b>Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum .....</b>	<u>(180.572.244)</u>	<u>4.865.250.227</u>
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....</b>	<u>4.941.202.302</u>	<u>75.952.075</u>
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>	<u>4.760.630.058</u>	<u>4.941.202.302</u>

## 1. Starfsemi

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignadeild og samtryggingadeild.

### Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til áviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Frjáls aðild er að lífeyrissjóðnum og hafa allir þeir sem ekki er skylt að greiða lágmarksidgjald til annars lífeyrissjóðs heimild að greiða í þennan sjóð. Samtryggingadeild fylgir sömu fjárfestingastefnu og Líf II.

### Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Séreignasjóðurinn býður upp á fjórar ávöxtunarleidir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

#### Líf I

Líf I stefnir að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á mörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 15% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 45% í innlendum skuldabréfum, 20% í hlutabréfum og 10% í framsæknum fjárfestingum innlendum og 10% í framsæknum fjárfestingum erlendum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir 20 ár eða meira af söfnunartíma sínum.

#### Líf II

Líf II er ætluð þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnað sinn og ná þannig betri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að því að fjárfesta 17,5% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 60% í innlendum skuldabréfum, 10% í hlutabréfum 5% í framsæknum fjárfestingum innlendum og 7,5% í framsæknum fjárfestingum erlendum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir a.m.k. 8-10 ár af söfnunartíma sínum.

#### Líf III

Líf III er ætluð þeim sem vilja stöðuga ávöxtun sem sveiflast lítið. Stefnt er að því að fjárfesta 20% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 67,5% í innlendum skuldabréfum, 5% í hlutabréfum, 2,5% í framsæknum fjárfestingum innlendum og 5% í framsæknum fjárfestingum erlendum. Deildin hentar þeim sem eiga fá ár eftir af söfnunartíma sínum eða eru komnir á eftirlaun.

#### Líf IV

Líf IV er ætluð fyrir þá sem nálgast töku lífeyris eða eru nú þegar farnir að taka út lífeyri. Stefnt er að því að fjárfesta 100% af eignum sjóðsins í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

### Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í sameign með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

## 1. Starfsemi (framhald)

### Lífeyrisréttindi

Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrir en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

### Útgreiðsluleiðir

Lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leið I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar getað valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I.

Frá og með 15. maí 2003 hafa sjóðfélagar eingöngu getað valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem höfðu valið leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Munur leiðanna liggur í því hvornig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli sameignar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr sameign hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr sameign hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagens og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr sameign hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Sameignin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

### Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2009	2008	31.12.2009	31.12.2008
Evra ( EUR ).....	172,667	127,455	179,38	168,91
Bandaríkjadalur ( USD ).....	123,594	88,0739	124,6	120,77
Sterlingspund ( GBP ).....	193,894	159,346	201,11	175,78
Japanskt jen ( JPY ).....	1,3246	0,8632	1,3477	1,3357

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar við lánastofnanir eru í gangi hjá sjóðnum í árslok 2009.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkynntra iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir. Í lok árs 2009 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 55,5 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi meðal fyrirfram innheimtra tekna.

### Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

### Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréffanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánunum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

### Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það er talið nauðsynlegt til að tryggja réttláta skiptingu ávöxtunar sjóðsins milli rétthafa hans.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótveikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Samcign
Ellilífeyrir .....	16.770.109	33.487.066	545.195.873	350.097.964	1.450.440
Fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar.....	1.930.193.662	619.858.905	189.041.208	254.955.612	0
Örorkulífeyrir .....	3.093.486	6.182.967	5.197.382	987.137	19.006.752
Makalífeyrir .....	0	7.365.931	8.085.262	6.270.400	1.762.137
Barnalífeyrir .....	205.921	4.605.829	8.485.734	15.007.237	156.109
	<u>1.950.263.178</u>	<u>671.500.698</u>	<u>756.005.459</u>	<u>627.318.350</u>	<u>22.375.438</u>
Framlag upp í örorkulífeyrir skv. örorkusamkomulagi lífeyrissjóða.....					(2.328.117)
	<u>1.950.263.178</u>	<u>671.500.698</u>	<u>756.005.459</u>	<u>627.318.350</u>	<u>20.047.321</u>

## 4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

	2009	2008
Af verðbréfum með breytilegum tekjum.....	1.543.768.621	(484.185.894)
Af verðbréfum með föstum tekjum.....	825.627.229	(1.364.104.510)
Af bankainnstæðum.....	1.229.251.919	125.066.509
Breyting á niðurfærslu verðbréfacignar.....	(24.344.132)	(5.850.608.937)
	<u>3.574.303.637</u>	<u>(7.573.832.832)</u>

## 5. Rekstrargjöld

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans annast bankinn starfrækslu sjóðsins. Bankinn greiðir laun stjórnar og forstöðumanns sjóðsins og eru þau innifalin í þóknun sjóðsins til hans.

Laun og tengd gjöld til stjórnar sjóðsins sundurliðast þannig:

	2009	2008
Brynjar Þór Guðmundsson, stjórnarformaður.....	90.000	0
Ingólfur Guðmundsson.....	100.000	0
Helgi Magnússon.....	100.000	600.000
Jón Snorri Snorrason.....	415.000	600.000
Kristín Jóhannsdóttir.....	100.000	600.000
Þórhallur Haukur Reynisson.....	40.000	240.000
Örnólfur Jónsson.....	100.000	350.000
Bragi Gunnarsson.....	90.000	0
Katrín Friðriksdóttir.....	225.000	0
Valdís Arnardóttir.....	225.000	0
Þórir Óskarsson.....	90.000	0
Mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingagjald.....	233.777	329.046
	<u>1.808.777</u>	<u>2.719.046</u>

## 5. Rekstrargjöld (framhald)

<b>Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:</b>	2009	2008
Endurskoðun, árs- og milliuppgjör.....	8.495.947	6.500.353
Önnur sérfræðiþjónusta .....	2.322.302	940.437
	<u>10.818.249</u>	<u>7.440.790</u>
<b>Fjárfestingagjöld sundurliðast þannig:</b>	2009	2008
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:		
Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður.....	8.515.104	8.552.088
	<u>8.515.104</u>	<u>8.552.088</u>
<b>Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:</b>	2009	2008
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:		
Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður.....	17.030.211	17.104.179
Endurskoðun.....	1.488.657	0
Fjármálaeftirlitið.....	4.798.000	2.771.000
Lagt í bundna séreign vegna örorku.....	5.131.374	1.698.543
Tryggingastærðfræðingur.....	2.315.700	179.280
Landsamtök lífeyrissjóða.....	581.196	648.748
Umsjónaraðili.....	5.702.412	0
Afgreiðslugjald markaðar.....	14.653	148.126
Starfsábyrgðartrygging.....	0	363.417
Ýmis kostnaður.....	1.290.097	895.208
	<u>38.352.300</u>	<u>23.808.501</u>

Umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til Landsbankans er 0,1% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tekur mið af.

Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,5% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar. Árangurstengd þóknun reiknast af jákvæðri jafnt sem neikvæðri ávöxtun.

Til þess að Landsbankinn fái aukna umsýsluþóknun í formi árangurstengdrar umsýsluþóknunar þarf ávöxtun eigna Íslenska lífeyrissjóðsins að ganga mjög vel. Árangurinn þarf að vera betri en meðaltalsbreyting á þeim mörkuðum sem hann er að fjárfesta á. Auk þess þarf sjóðurinn að vinna upp þann viðskiptakostnað sem leggst til við eignastýringu sjóðsins.

### Viðmiðunarvísitölur:

- **Íslensk skuldabréf** - Skuldabréfavísitölur Kauphallar Íslands, í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins.
- **Erlend hlutabréf og skuldabréf** - Alþjóðlegar hlutabréfa- og skuldabréfavísitölur, í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins.

Á árinu 2009 greiddi Íslenski lífeyrissjóðurinn ekki árangurstengda þóknun til Landsbankans.

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2009
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	116.902.443
Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum .....	310.386.336
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum .....	3.921.954.924
Framsæknar fjárfestingar.....	1.188.165.314
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum .....	1.575.930.385
	7.113.339.402

### Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Sameign
Skráð félög:					
Marel Food Systems hf.....	59.866.936	29.933.468	0	0	9.977.843
Skráð félög alls .....	59.866.936	29.933.468	0	0	9.977.843
Óskráð félög:					
Ímskipafélag Íslands ehf.....	2.518.676	0	7.287.189	7.287.189	0
Rekstrarf Framtakssj Íslands GP ehf.....	0	0	0	0	9.320
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða.....	6.765	10.256	4.801	0	0
Óskráð félög alls .....	2.525.441	10.256	7.291.990	7.287.189	9.320
Innlend félög alls .....	62.392.377	29.943.724	7.291.990	7.287.189	9.987.163

### Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Sameign
SPDR Barclays Capital.....	163.734.836	97.664.789	16.471.789	0	32.514.922
Erlend félög alls .....	163.734.836	97.664.789	16.471.789	0	32.514.922
Hlutabréfacign alls .....	226.127.213	127.608.513	23.763.779	7.287.189	42.502.085

### Innlend hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir skuldabréfasjóðir:	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Sameign
Markaðsbréf stutt .....	232.110.677	158.393.075	22.719.528	60.694.203	62.859.803
Markaðsbréf meðal .....	159.303.496	33.505.101	20.079.956	65.069.928	41.064.411
Markaðsbréf löng .....	202.894.349	139.185.530	67.640.477	0	28.926.508
Reiðubréf ríkikstryggð .....	100.406.597	50.203.148	120.229.875	100.406.597	50.203.148
Sparibréf stutt .....	104.190.000	102.643.212	125.028.000	82.319.775	51.894.303
Landsbanki Diversified Yield Fund .....	2.005.979	1.671.649	711.375	0	522.852
Fyrirtækjabréf L.Í. ....	342.147.718	214.776.131	219.843.781	150.051.598	73.977.424
Skuldabréfasjóðir alls.....	1.143.058.816	700.377.846	576.252.992	458.542.101	309.448.449
Innlendir hlutabréfasjóðir:					
Úrvallsbréf .....	54.907.372	0	0	0	0
Landsbanki Global Equity Fund .....	245.173.191	94.173.441	0	0	55.027.254
Landsbanki nordic 40 .....	173.372.464	62.011.666	24.804.666	0	24.804.666
Hlutabréfasjóðir alls.....	473.453.027	156.185.107	24.804.666	0	79.831.920
Innlendir hlutdeildarskírteini alls.....	1.616.511.843	856.562.953	601.057.658	458.542.101	389.280.369

